

LÖG

um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

II. KAFLI

Breyting á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

2. gr.

139. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Gylfi Magnússon.